



JÓNAS ÞORBJARNARSON

## Í UPPHAFI VAR SKIP

Eins og skipin öll sem hrekur  
úti glórulausan fjarska  
og taka land djúpt í myrkvaðri höfn  
ber einnig þetta skip á foráttuhaf út  
undan afli sem menn fá ekki deilt við  
og sem heldur sínu jafnvel fyrir hafinu –  
heldur yfir sínu skipi vernd

vindar Sögunnar hafa haft veður  
af sæbörðu guðsríki einsetumunks  
er hefur fleytt sér æði fífljarfur  
á bæn yfir vísan dauðann  
að þessu athvarfi utan heimsins:  
landi fugla  
og sporlausra vegalengda um fjöll

þennan dag  
horfir Papinn ekki til fjalla  
og ekki upp til himins  
heldur rýnir útá hafbrautirnar  
þaðan sem hann kom, sér hvar  
sjóndeildarhringurinn brestur  
sér þúst er hægt nálgast  
og tekur á sig mynd  
af segli, af trjónu ...

bænir Papans um frið fyrir mönnum  
fengu ekki aftrað því að aldir hlæðust upp  
líkt og í útsýnismastur –  
heiðið frjótákn  
þeirra er flæddu um lönd grimmir sem tíminn ...  
og lögðu loks reginhöf  
skipi í gegn; þessi brestur  
í sjónbaug eylandsins  
rofið haft meyllandsins  
veitti braut því sem ekki varð hamið:  
þeim er sá vildu dögum sínum  
undir nýjum himni

þetta er Sagan, hún skrifar sig sjálf  
í löndin, fleytir hér knörrum  
inná kálfskinn Landnámu ...  
skrifar lifandi orðum  
hvert nes, hverja strönd  
líkt og menn strekki á milli sín net –  
menn og konur – mikið net  
er þau svo dýfa í hyl aldanna eftir fleirum

og sjá: mannsbörn koma upp hvert af öðru  
eins og orð í bók, Íslendingabók  
en í upphafi –  
okkar upphafi, söltu, rammheiðnu –  
var skip  
og fleiri skip, þunghlaðin, þung  
af því óorðna, óskráða: mér, þér ...

Höfundur er skáld í Reykjavík og hlaut 1. verðlaun fyrir ljóðið í samkeppni um hátíðarljóð sem þjóð-  
hátíðarnefnd efndi til og flutt var af fjallkonunni á Austurvelli 17. júní.

ÓLAFUR STEFÁNSSON

## TIL ÞÍN

Ég geysist áfram og fjarlægist réttilega hið  
ranga, tómið, óskýrleikann.

Ég er gæfuríkur riddari sem ferðast, mæni í  
sérhverja ráðgátu af logandi þrá, og vinn orr-  
ustur með vonina eina fulltingis.

Ég þekki guðavefi, dulspeki og fhugun, og  
allt sem tengist undrun og ljósi þeirra sem  
hverfa á vit þessara heima, sannleiksleitandi  
eftir einföldum hljómi eða visku til að uppfylla  
auðnu sálarinnar.

En í þeirri veru hef ég hvorki fundið sanna  
birtingu, né fegurð sem óviðjafnanlega bindur  
alheiminn í þokkagyðju sem sveipuð er töfr-

andi geislum. Ég fagna sýnilegri gæfu minni,  
því eðli mitt og vit hafa aukist vegna ógæfu  
minnar. Ég er ofurseldur furðuleik og krafta-  
verki, ljótleikann og andstyggðina vil ég aldrei  
líta augum framar. Fegurðin, ljúft kraftaverk-  
ið, stendur sálinni næst í þessum samræmdu  
hljómunum sem eiga sér óviðjafnanleg sannindi,  
sem brenna eins og eldur í logandi augum þín-  
um og lýsa upp hvelfingu mína, þar sem áður  
var myrkt.

Höfundurinn er athafnamaður í Reykjavík.